

ÍV sjóðir hf.

Verðbréfasjóðir ÍV sjóða hf.

Fjárfestingarsjóðir ÍV sjóða hf.

Ársreikningur 2018

ÍV sjóðir hf.  
Hvannavöllum 14  
600 Akureyri

Kt. 491001-2080

# Efnisyfirlit

---

<b>A-hluti</b>		<b>B-hluti</b>	
<b>Ársreikningur ÍV sjóða hf.</b> .....	<b>1</b>	<b>Ársreikningur verðbréfasjóða ÍV</b> .....	<b>17</b>
Efnisyfirlit .....	2	Rekstrarreikningur og yfirlit um	
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar		breytingar á hreinni eign .....	18
og framkvæmdastjóra .....	3	Efnahagsreikningur .....	19
Aritun óháðs endurskoðanda .....	5	Yfirlit um fjárfestingar .....	20
Rekstrarreikningur .....	7	Skýringar .....	40
Efnahagsreikningur .....	8		
Sjóðstreymisyfirlit .....	9	<b>Ársreikningur fjárfestingarsjóða ÍV</b> .....	<b>47</b>
Skýringar .....	10	Rekstrarreikningur og yfirlit um	
Stjórnarháttayfirlýsing .....	14	breytingar á hreinni eign .....	48
		Efnahagsreikningur .....	49
		Yfirlit um fjárfestingar .....	50
		Skýringar .....	64

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

## Meginstarfsemi félagsins og framsetning ársreiknings

ÍV sjóðir hf. annast rekstur sjö verðbréfasjóða, fimm fjárfestingarsjóða og Veðskuldabréfasjóðs ÍV fagfjárfestastjóðs. Félagið er dótturfélag Íslenskra verðbréfa hf. og hluti af samstæðureikningi félagsins.

Ársreikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning rekstrarfélagsins og B-hluta sem inniheldur ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða sem voru í rekstri félagsins á árinu. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Ársreikningur ÍV sjóða hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

## Eignaraðild

Hluthafar í árslok voru tveir líkt og í ársbyrjun. Í árslok 2018 var hlutafé í eigu eftirtalinna aðila:

	Eignarhluti
Íslensk verðbréf hf. ....	99,75%
Tækifæri hf. ....	0,25%

## Aðalfundur

Á aðalfundi sem haldinn var 24. maí 2018 voru Ingvar Már Gíslason, Kolbeinn Friðriksson (stjórnarformaður) og Sandra Hlíf Ocares kjörin í stjórn félagsins. Á fundinum var ákveðið að greiða 20,0 millj. kr. í arð. Á hluthafafundi sem haldinn var 15. ágúst 2018 var Katrín Káradóttir kosin í stjórn félagsins í stað Söndru Hlíf Ocares.

## Afkoma og helstu atriði úr rekstri félagsins

Hreinar rekstrartekjur á árinu námu 168,6 millj. kr. samanborið við 182,9 millj. kr. árið áður. Hagnaður varð á rekstri félagsins á árinu 2018 að fjárhæð 0,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 82,1 millj. kr. í árslok samanborið við 113,9 millj. kr. í árslok fyrra árs.

Eigið fé félagsins í árslok 2018 nam 50,4 millj. kr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 16,0 millj. kr. Eiginfjárhlutfall félagsins reiknað samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nam 9,6% en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0%.

Ársverk á reikningsárinu voru 3,6. Í árslok 2018 störfuðu hjá félaginu fjórir starfsmenn.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur arður á árinu 2019. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningnum.

## Starfsemi sjóða

Í árslok 2018 annaðist félagið rekstur þrettán sjóða.

Eignir í stýringu námu í árslok 32.678 millj. kr., en þann 31. desember 2017 námu þær 33.263 millj. kr.

ÍV sjóðir hf. starfrækja sex sjóði sem eingöngu fjárfesta í skuldabréfum og innlánnum, þar af einn fagfjárfestastjóð, fjóra sjóði sem fjárfesta í hlutabréfum eða hlutabréfatengdum vörum og þrjá blandaða sjóði, sk. eignastýringarsjóði. Breyting átti sér stað á fjárfestingarstefnu og áherslum ÍV Eignastýringarsafns III sem eftir breytinguna fjárfestir að lágmarki 60% í erlendum skráðum eignum, hlutabréfum og skuldabréfum. FME staðfesti reglubreytinguna. Ekki áttu sér stað breytingar á fjárfestingastefnum eða áherslum annarra sjóða í rekstri félagsins á árinu.

## Stjórnarhættir

ÍV sjóðir hf. leggja höfuðáherslu á heiðarleika og óhæði í starfsemi sinni. Félagið starfrækir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu (fagfjárfestastjóði).

## Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

### Stjórnarhættir frh.:

Hvað varðar stjórnarhætti fylgir félagið leiðbeiningum um Stjórnarhætti fyrirtækja sem er leiðbeiningarit sem kom fyrst út árið 2004 í samstarfi Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins. Ritið geymir leiðbeiningar um innleiðingu ákveðinna vinnureglna, umfram það sem kveðið er á um í lögum. Þeim er meðal annars ætlað að styrkja innviði fyrirtækja og auka traust almennings á starfsemi þeirra. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefslóðinni <http://leidbeiningar.is>.

Eftirfarandi eru nánari upplýsingar um einstaka þætti stjórnarháttanna ÍV sjóða hf.

Ekki er nauðsynlegt að hlíta framangreindum leiðbeiningum Viðskiptaráðs o.fl. um stjórnarhætti í einu og öllu. Gera skal þó grein fyrir þeim frávikum sem fyrir hendi eru, svokölluð „comply or explain“ regla. Eftirfarandi frávik eiga við:

- Vikið er frá gr. 1.1.2. um að auglýsa aðalfundi á vefsíðu félagsins, helst tveimur mánuðum fyrir lok reikningsárs. ÍV sjóðir hf. er lítið félag með fáa hluthafa og því ekki talið nauðsynlegt að fylgja þessari reglu.
- Félagið telur ekki þörf á því að skipa sérstaka tilnefningarnefnd þar sem einn hluthafi fer með 99,75% hlutfjár í félaginu og er því vikið frá gr. 1.5.
- Stjórn hefur ekki sett sér skriflegar reglur um siðferði og samfélagslega ábyrgð sbr. gr. 2.9.1. Félagið leggur þó mikið upp úr góðu siðferði og samfélagslegri ábyrgð í störfum sínum og endurspeglast það í starfs- og verklagsreglum félagsins. Þá styrkir félagið umhverfi sitt og samfélag nær og fjær, hvetur starfsfólk til hreyfingar og tólmstunda og umræðu um samfélagsmál.
- Félagið telur ekki þörf á að skipa sérstaka endurskoðunarnefnd sbr. gr. 5.3. vegna eðlis og umfangs starfseminnar. Endurskoðunar- og áhættunefnd Íslenskra verðbréfa hf., móðurfélags félagsins hefur þó í störfum sínum einnig tekið til starfsemi ÍV sjóða hf., skv. erindisbréfi þar um. Um nefndarmenn og starfsemi hennar vísast til stjórnarháttayfirlýsingar Íslenskra verðbréfa hf.
- Félagið telur ekki þörf á að skipa sérstaka starfskjararnefnd sbr. gr. 5.4. vegna eðlis og umfangs starfseminnar.

Allir þrjú stjórnarmenn félagsins eru óháðir félaginu samkvæmt skilgreiningu í gr. 2.3 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í stjórn félagsins sitja tveir karlar og ein kona og uppfyllir því félagið ákvæði laga um hlutafélög um kynjahlutföll stjórnarmanna. Um frekari upplýsingar um stjórnarhætti félagsins vísast til stjórnarháttayfirlýsinga félagsins í viðauka með ársreikningnum

### Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar ÍV sjóða hf. er ársreikningur félagsins í samræmi við gildandi lög og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða og gefur glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins á árinu 2018.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt reikning félagsins og sjóðanna fyrir árið 2018 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Akureyri, 27. mars 2019.

Í stjórn félagsins:

Kolbeinn Friðriksson  
Ingvar Mjör Gustafsson  
Katrín Káradóttir

Framkvæmdastjóri:

Þorinn Þór Hauks

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa í IV sjóðum hf.

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning ÍV sjóða hf. fyrir árið 2018. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum; A-hluti sem er rekstrarfélagið sjálft, og B-hluti, sem inniheldur verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði rekstrarfélagsins. A-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði rekstrarfélagsins.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á árinu 2018, efnahag þeirra 31. desember 2018 og breytingu á hreinni eign sjóðanna á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki, reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð ÍV sjóðum hf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar og stjórnarháttayfirlýsingu sem fylgir ársreikningnum.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við gefum ekkert form af staðfestingum eða ályktunum vegna þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur í álitaskafla okkar hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki, reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi ÍV sjóða hf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn og endurskoðunar- og áhættunefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvisandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunar- og áhættunefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunar- og áhættunefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Akureyri, 27. mars 2019.

**Deloitte ehf.**

  
Hólmgrímur Bjarnason  
endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
<b>Rekstrartekjur</b>			
Umsýslubóknun .....		166.017	176.419
Fjármunatekjur .....	4	2.633	6.447
		<u>168.650</u>	<u>182.866</u>
		Heildartekjur	
Fjármagnsgjöld .....	4	( 6 )	( 7 )
		<u>168.644</u>	<u>182.859</u>
		Hreinar rekstrartekjur	
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	6	73.388	60.107
Þjónustugjöld til Íslenskra verðbréfa hf. ....		66.719	89.415
Annar rekstrarkostnaður .....		28.017	26.234
		<u>168.125</u>	<u>175.756</u>
		Rekstrargjöld	
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		519	7.103
Tekjuskattur .....	7,13	( 107 )	( 1.422 )
<b>Hagnaður ársins</b> .....	10	<u>412</u>	<u>5.681</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
<b>Eignir</b>			
<b>Verðbréf</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	8,16	45.252	77.448
	Verðbréf	45.252	77.448
<b>Kröfur</b>			
Viðskiptakröfur á sjóði .....	16	18.795	18.681
Kröfur á tengda aðila .....	16	284	10
	Kröfur	19.079	18.691
<b>Aðrar eignir</b>			
Handbært fé .....		17.773	17.711
	Aðrar eignir	17.773	17.711
	<b>Eignir samtals</b>	<b>82.103</b>	<b>113.850</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	9	16.000	16.000
Lögbundinn varasjóður .....		4.000	4.000
Bundinn gangvirðisreikningur .....		1.790	2.876
Óráðstafað eigið fé .....		28.603	47.104
	Eigið fé	50.393	69.981
<b>Aðrar skuldir</b>			
Skuld við móðurfélag .....	16	0	13.204
Skuld við tengda aðila .....	16	17.392	11.930
Skuld við móðurfélag vegna samsköttunar .....	13	107	1.422
Aðrar skammtímaskuldir .....		14.212	17.314
	Skuldir	31.711	43.870
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>82.103</b>	<b>113.850</b>



# Skýringar

## 1. Upplýsingar um félagið sem reikningsskilin taka til

ÍV sjóðir hf. voru stofnaðir árið 2001. Félagið er hlutafélag með takmarkaða ábyrgð, stofnað og skráð á Íslandi og með aðsetur þar. Félagið starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Fjármálaeftirlitið (FME) hefur eftirlit með félaginu á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Skráð aðsetur félagsins er að Hvannavöllum 14, 600 Akureyri.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur ÍV sjóða hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðisreikningsskilum og gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum.

Félagið er dótturfélag Íslenskra verðbréfa hf. Ársreikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

### b. Umsýsluþóknun

Félagið fær umsýsluþóknun fyrir rekstur verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og reiknast þóknunin sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs. Félagið fær umsýsluþóknun fyrir rekstur Veðskuldabréfasjóðs ÍV fagfjárfestingsjóðs og reiknast þóknunin sem fast hlutfall af heildareignum sjóðsins. Þóknunin innifelur meðal annars laun starfsmanna rekstrarfélagsins, stjórnarlausn, markaðskostnað og umsýslu við rekstur sjóðanna. ÍV sjóðir hf. hafa útvistað tilteknum verkefnum til Íslenskra verðbréfa hf., m.a. áhættustýringu, regluvörslu, bakvinnslu og sölu- og markaðsmálum. Félagið greiðir Íslenskum verðbréfum hf. þóknun vegna þessarar þjónustu.

### c. Viðskiptakröfur á sjóði

Viðskiptakröfur eru færðar á kostnaðarverði og eru þær vegna ógreiddrar umsýslu sjóða B-hluta ÍV sjóða hf. í árslok 2018.

### d. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

## 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2018	2017
Vaxtatekjur .....	829	3.753
Gangvirðisbreyting verðbréfaeignar .....	1.804	2.684
Aðrar fjármunatekjur, þ.m.t. arður .....	0	10
Vaxtagjöld .....	( 6 )	( 7 )
	2.627	6.440

## 5. Arðsemi eigna

Hagnaður eftir skatta sem hlutfall af meðalstöðu eigna er eftirfarandi:

	2018	2017
Arðsemi eigna .....	0,4%	5,1%

## Skýringar frh.:

### 6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2018	2017
Laun .....	55.833	47.926
Áfallið orlof, breyting .....	1.573 (	562 )
Launatengd gjöld .....	12.419	9.664
Fjársýsluskattur .....	3.462	2.930
Annar starfsmannakostnaður .....	100	150
Laun og launatengd gjöld samtals .....	73.388	60.107
Fjöldi ársverka á árinu .....	3,6	3,2

Greidd laun til stjórnenda greinast þannig :

1) Hreinn Þór Hauksson, framkvæmdastjóri .....	17.837	6.133
Jóhann Steinar Jóhannsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri .....	0	14.228
Kolbeinn Friðriksson, stjórnarformaður .....	2.540	2.400
Arnbjörg Sigurðardóttir, fyrrverandi stjórnarformaður .....	500	1.400
Ingvar Már Gíslason, stjórnarmaður .....	1.270	1.400
Katrín Káradóttir, stjórnarmaður .....	550	0

1) Laun í starfi sem framkvæmdastjóri.

Stjórnendur fengu ekki greidd hlunnindi á árinu. Ekki er í gildi kaupaukakerfi hjá félaginu.

Greiðslur til endurskoðenda á árinu námu 5,9 millj. kr. þar af voru 1,9 millj. kr. vegna innri endurskoðunar.

### 7. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2018	2017
Tekjuskattur til greiðslu .....	( 107 )	( 1.422 )
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....	( 107 )	( 1.422 )

Virkt skatthlutfall

	2018	2017
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....	519	7.103
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall ....	20,0% ( 104 )	20,0% ( 1.421 )
Ófrádráttarbær kostnaður .....	0,7% ( 3 )	0,0% ( 3 )
Fengin arður .....	0,0% 0 (	0,0% ) 2
Virkur tekjuskattur .....	20,7% ( 107 )	20,0% ( 1.422 )

### 8. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréfaeign með breytilegum tekjum greinist þannig:

	Hlutabréf	Hlutdeildar- skírteini verðbréfasjóða	Samtals 31.12.2018	Samtals 31.12.2017
Óskráð verðbréf .....	0	45.252	45.252	77.448
	0	45.252	45.252	77.448

## Skýringar frh.:

### 9. Hlutfé

Heildarhlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er 16,0 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut.

### 10. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Bundinn gangvirðis- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2017 .....	16.000	4.000	1.678	42.621	64.300
Breyting á gangvirðisreikningi .....	0	0	1.198	( 1.198 )	0
Hagnaður ársins .....	0	0	0	5.681	5.681
Eigið fé 31.12.2017 .....	16.000	4.000	2.876	47.104	69.981
Breyting á gangvirðisreikningi .....	0	0	( 1.087 )	1.087	0
Arður til hluthafa .....	0	0	0	( 20.000 )	( 20.000 )
Hagnaður ársins .....	0	0	0	412	412
Eigið fé 31.12.2018 .....	16.000	4.000	1.790	28.603	50.393

Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki nam 9,6% í árslok 2018. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	31.12.2018	31.12.2017
Heildar eigið fé .....	50.393	69.981
Eiginfjárgrunnur samtals .....	50.393	69.981
Heildar eiginfjárfrafa skiptist þannig:		
Útlánaáhætta .....	5.431	7.974
Eiginfjárfrafa .....	5.431	7.974
Eiginfjárfrafa miðað við 25% af föstum rekstrarkostnaði .....	42.031	43.939
Eiginfjárgrunnur umfram eiginfjárkröfu .....	8.362	26.042
Eiginfjárlutfall .....	9,6%	12,7%

Samkvæmt 2. mgr. 84. greinar laga nr. 161/2002 eru rekstrarfélög verðbréfasjóða undanþegin mati á rekstraráhættu við útreikning á eiginfjárgrunni. Samkvæmt 9. mgr. 84 gr. sömu laga skal eiginfjárgrunnur aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta reikningsárs. Þar sem fjárhæð sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði er hærrí en samanlögð útlána- og markaðsáhætta, þá er hún notuð sem eiginfjárfrafa við útreikning á eiginfjárlutfalli.

## Skýringar frh.:

### 11. Vogunarhlutfall

Vogunarhlutfall rekstrarfélagsins, sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 30 gr. a. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, er 60,52% en samkvæmt lögum er lágmarks vogunarhlutfall 3,0%.

Vogunarhlutfallið reiknast þannig:	<b>31.12.2018</b>	<b>31.12.2017</b>
Eigin fé þáttar 1 .....	50.393	69.981
Áhættuskuldbindingar:		
Liðir innan efnahags (afleiður undanskildar) .....	82.103	113.850
	<u>82.103</u>	<u>113.850</u>
Vogunarhlutfall .....	61,38%	61,47%

### 12. Hluthafar:

Eftirfarandi hluthafar eiga umfram 1% hlutafjár í félaginu:

Nafn	Land	Eignarhlutur
Íslensk verðbréf hf. ....	Ísland	99,75%

Enginn hluthafi í Íslenskum verðbréfum hf. á eignarhlut sem nemur 10% eða meira af hlutafé í Íslenskum verðbréfum hf.

### 13. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:	<b>31.12.2018</b>	<b>31.12.2017</b>
Tekjuskattur ársins .....	107	1.422
Áhrif vegna samsköttunar og annarra liða .....	( 107 )	( 1.422 )
Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....	<u>0</u>	<u>0</u>

### 14. Skattamál

Félagið er samskattað með móðurfélagi sínu Íslenskum verðbréfum hf.

### 15. Eignir í stýringu

Heildarférhæð eigna viðskiptamanna í eignastýringu hjá sjóðum ÍV sjóða hf. í árslok 2018 nam 32,7 milljörðum kr. samanborið við 33,3 milljarða kr. í árslok 2017.

### 16. Tengdir aðilar

#### Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar félagsins teljast vera hluthafar, sjóðir í umsjón félagsins, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra eigu.

<b>Stöður og viðskipti við tengda aðila eru eftirfarandi:</b>	<b>31.12.2018</b>	<b>31.12.2017</b>
Verðbréfaeign með breytilegar tekjur .....	45.252	77.448
Skammtímakröfur .....	19.079	18.691
Skammtímaskuldir við tengda aðila .....	17.392	25.134
<b>Viðskipti á árinu:</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
Sala á þjónustu .....	166.017	176.419
Fjármunatekjur og breyting á virði hlutdeildarskírteina .....	1.804	2.684
Kaup á þjónustu .....	76.319	99.015

# Stjórnarháttayfirlýsing

ÍV sjóðir hf. leggja höfuðáherslu á heiðarleika og óhæði í starfsemi sinni. Félagið starfrækir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu (fagfjárfestingsjóði).

Hvað varðar stjórnarhætti fylgir félagið leiðbeiningum um Stjórnarhætti fyrirtækja sem er leiðbeiningarit sem kom fyrst út árið 2004 í samstarfi Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins. Ritið geymir leiðbeiningar um innleiðingu ákveðinna vinnureglna, umfram það sem kveðið er á um í lögum. Þeim er meðal annars ætlað að styrkja innviði fyrirtækja og auka traust almennings á starfsemi þeirra. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefslóðinni <http://leidbeiningar.is>.

Eftirfarandi eru nánari upplýsingar um einstaka þætti stjórnarháttanna ÍV sjóða hf.

## Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti

Grundvöllur leiðbeininga um stjórnarhætti er svokölluð „fylgið eða skýrið“ regla (e. „comply or explain“) en á grundvelli hennar hafa stjórnir fyrirtækja svigrúm til að ákveða að hve miklu leyti einstaka þættir leiðbeininganna henti viðkomandi fyrirtæki. Sé vikið frá leiðbeiningunum skal þess getið í stjórnarháttayfirlýsingu. Með vísan til þessa er hér með gerð grein fyrir eftirfarandi frávikum:

- Vikið er frá gr. 1.1.2. um að auglýsa aðalfundi á vefsíðu félagsins, helst tveimur mánuðum fyrir lok reikningsárs. ÍV sjóðir hf. er lítið félag með fáa hluthafa og því ekki talið nauðsynlegt að fylgja þessari reglu.
- Félagið telur ekki þörf á því að skipa sérstaka tilnefningarnefnd þar sem einn hluthafi fer með 99,75% hlutfjár í félaginu og er því vikið frá gr. 1.5.
- Stjórn hefur ekki sett sér skriflegar reglur um siðferði og samfélagslega ábyrgð sbr. gr. 2.9.1. Félagið leggur þó mikið upp úr góðu siðferði og samfélagslegri ábyrgð í störfum sínum og endurspeglast það í starfs- og verklagsreglum félagsins. Þá styrkir félagið umhverfi sitt og samfélag nær og fjær, hvetur starfsfólk til hreyfingar og tólmstunda og umræðu um samfélagsmál.
- Félagið telur ekki þörf á að skipa sérstaka endurskoðunarnefnd sbr. gr. 5.3. vegna eðlis og umfangs starfseminnar. Endurskoðunar- og áhættunefnd Íslenskra verðbréfa hf., móðurfélags félagsins hefur þó í störfum sínum einnig tekið til starfsemi ÍV sjóða hf., skv. erindisbréfi þar um. Um nefndarmenn og starfsemi hennar vísast til stjórnarháttayfirlýsingar Íslenskra verðbréfa hf.
- Félagið telur ekki þörf á að skipa sérstaka starfskjarnefnd sbr. gr. 5.4. vegna eðlis og umfangs starfseminnar.

## Starfsemi félagsins og áhættuþættir

ÍV sjóðir hf. hefur starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða skv. lögum nr. 161/2002. Félagið rekur verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestingsjóði skv. lögum nr. 128/2011. Félagið er dótturfélag Íslenskra verðbréfa hf. Hjá félaginu starfa nú tveir starfsmenn í fullu starfi.

Félagið lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Áhættustýring og virkt innra eftirlit er mikilvægt í starfsemi þess. Regluvörslu og áhættustýringu er útvistað til Íslenskra verðbréfa hf. skv. sérstökum samningi þar um. Innri endurskoðun er útvistað til KPMG. Regluleg upplýsingagjöf er til stjórnar um framangreind atriði.

## Stjórn og framkvæmdastjóri

Stjórn ÍV sjóða hf. er skipuð þremur mönnum og tveimur til vara. Þeir eru kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Hún fer með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega, um 12 sinnum á ári. Auk stjórnar situr framkvæmdastjóri fundina. Ritari stjórnar ritar fundargerð á stjórnarfundum. Stjórnin skal sjá til þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins og getur ein veitt prókúruumboð fyrir félagið. Stjórn félagsins ræður félaginu framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Stjórn hefur sett sér starfsreglur þar sem kveðið er ítarlega á um störf hennar, ákvarðanatöku og samskipti stjórnar og framkvæmdastjóra. Þá setur stjórn sér starfsáætlun í lok hvers árs fyrir næstkomandi ár. Starfsreglur stjórnar eru birtar á heimasíðu félagsins.

## Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Stjórn skal meta með reglubundnum hætti störf sín, verklag og starfshætti, framgang félagsins, frammistöðu framkvæmdastjóra svo og skilvirkni undirnefnda, með aðstoð utanaðkomandi aðila eftir því sem við á. Slíkt árangursmat felur m.a. í sér að stjórnin leggi mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og hugi að þeim hlutum sem hún telur að betur megi fara. Stjórn skal hittast a.m.k. árlega án framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.

Stjórnin hefur engar undirnefndir.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim eignum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að biða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsmenn félagsins. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins, en hann skal leita samþykkis stjórnar við ráðningu helstu starfsmanna.

### Upplýsingar um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra

**Kolbeinn Friðriksson**, formaður stjórnar, er fæddur árið 1981. Kolbeinn lauk stúdentsprófi frá Verkmenntaskólanum á Akureyri 2001, B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2005 og M.Sc. gráðu í fjármálum frá Berlin School of Economics and Law árið 2011. Auk þess er Kolbeinn með próf í verðbréfavíðskiptum.

Kolbeinn er fjármálastjóri Hölds ehf. Áður starfaði Kolbeinn sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Eik fasteignafélagi hf. Frá árinu 2011 starfaði hann við fyrirtækjaráðgjöf innan Markaða Íslandsbanka og frá 2007 hjá Markaðsviðskiptum Íslandsbanka/Glitnis banka. 2005 til 2007 starfaði hann hjá Bakkavör Group á fjármálasviði.

Kolbeinn tók fyrst sæti í stjórn ÍV sjóða árið 2016.

**Ingvar Már Gíslason** er fæddur árið 1976. Ingvar lauk B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 2000 og lauk MBA gráðu frá Háskóla Íslands 2016.

Ingvar starfaði sem rekstrarstjóri Nýja-Bautabúrsins frá árinu 2000 til 2001 og sem forstöðumaður tölvu- og upplýsingakerfa og útflutningsstjóri hjá Norðlenska ehf. frá árinu 2001 til 2004. Frá árinu 2004 gegndi hann stöðu markaðsstjóra Norðlenska ehf. og stöðu fjármálastjóra sama fyrirtækis frá 2017.

Ingvar tók fyrst sæti í stjórn ÍV sjóða hf. árið 2011.

**Katrín Káradóttir** er fædd árið 1969. Katrín lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1989, Cand Oecon gráðu frá Háskóla Íslands 1996 og M.Sc gráðu frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn 1999. Auk þess er Katrín með próf í verðbréfavíðskiptum.

Katrín hefur frá 2012 rekið verslunina Kistu í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri og samhliða því starfaði hún á árunum 2016 og 2017 einnig sem framkvæmdastjóri handverkshátíðarinnar að Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit. Á árunum 2006 – 2012 starfaði Katrín hjá Íslandsbanka sem starfsmaður Einkabankaþjónustu og sem deildarstjóri Eigna- og lífeyrisþjónustu bankans og á árunum 2004-2006 hjá TM Software og Libra tengt viðskipta- og fjármálhugbúnaði.

Katrín tók fyrst sæti í stjórn ÍV sjóða hf. árið 2018.

## Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

**Hreinn Þór Hauksson** er framkvæmdastjóri ÍV sjóða. Hreinn Þór lauk B.Sc. prófi í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2005, M.Sc. prófi í viðskiptafræði frá Lunds Universitet árið 2012 og prófi í verðbréfavíðskiptum árið 2008.

Frá 2005 til 2009 starfaði Hreinn Þór innan Markaðsviðskipta Íslandsbanka /Glitnis Banka en 2009 til 2011 sem viðskiptastjóri í einkabankþjónustu og viðskiptastjóri fyrirtækja í útibúi Íslandsbanka á Akureyri. 2012 til 2014 starfaði Hreinn við atvinnuþróun á vegum Akureyrarbæjar. Frá árinu 2014 hefur Hreinn starfað innan samstæðu Íslenskra Verðbréfa hf., fyrst sem sjóðstjóri fagfjárfestasjóða, hlutabréfasjóða og blandaðra sjóða innan ÍV sjóða hf., seinna sem sérfræðingur í sérhæfðum fjárfestingum innan Íslenskra verðbréfa þar til hann tók við starfi framkvæmdastjóra ÍV sjóða hf.

### **Samskipti hluthafa og stjórnar**

Íslensk verðbréf hf. er móðurfélag og vörslufyrirtæki ÍV sjóða hf. Í samræmi við 15. gr. laga nr. 128/2011 skal meirihluti stjórnarmanna rekstrarfélags verðbréfasjóða vera óháður móðurfélagi og vörslufyrirtæki. Þá má stjórnarmaður í rekstrarfélagi ekki vera í stjórn eða lykilstarfsmaður móðurfélags eða vörslufyrirtækis. Í tilviki ÍV sjóða hf. eru framangreind skilyrði uppfyllt og eru allir stjórnarmenn félagsins óháðir samkvæmt skilgreiningu leiðbeininga um stjórnarhætti á óhæði. Hluthafar geta hvenær sem er haft samband við framkvæmdastjóra og/eða stjórn ef spurningar vakna varðandi rekstur félagsins.

Á aðalfundum er farið ítarlega yfir starfsemi félagsins og þar er hluthöfum heimilt að tjá sig um málefni félagsins.

Félagið hefur ekki verið dæmt eða verið úrskurðað til viðurlaga vegna brota á lögum um fjármálafyrirtæki eða öðrum lögum og ekki eru til rannsóknar nein brot hjá opinberum aðilum svo vitað sé.

# Sundurliðanir

	2018	2017
<b>Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun .....	55.833	47.926
Áfallið orlof, breyting .....	1.573	( 562 )
Lífeyrissjóður .....	7.116	5.340
Sjúkra-, orlofsheimila- og endurhæfingarsjóður .....	991	675
Tryggingagjald .....	4.312	3.649
Fjársýsluskattur .....	3.462	2.930
Annar starfsmannakostnaður .....	100	150
	<u>73.388</u>	<u>60.107</u>
<b>Þjónustugjöld til Íslenskra verðbréfa hf.</b>		
Umsýslubókun .....	65.519	88.215
Vörslubókun .....	1.200	1.200
	<u>66.719</u>	<u>89.415</u>
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
Húsaleiga .....	4.800	4.800
Tölvubúnaður .....	5.161	5.098
Auglýsingar .....	74	295
Endurskoðun .....	5.948	5.429
Aðkeypt sérfræðiþjónusta .....	4.817	4.315
Ferða og fundakostnaður .....	0	8
Fjármálaeftirlitið .....	7.175	6.254
Annar rekstrarkostnaður .....	41	35
	<u>28.017</u>	<u>26.234</u>

Verðbréfasjóðir ÍV sjóða hf.

Ársreikningur 2018

# Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign árið 2018

	IV Ríkisskuldabréfasjóður	IV Áskriftarskrifstofa	IV Alþjóðlegur hlutabréfasj.	IV Erient hlutabréfasafn	IV Spörisefn	IV Eignasafn I	IV Eignasafn II	Samtals 2018	Samtals 2017
<b>Rekstrarreikningur</b>									
<b>Tekjur</b>									
Arður	0	0	5.631	4.308	0	0	803	10.742	6.261
Vextir	1.009	1.623	766	278	1.187	642	598	6.104	7.648
Gengismunur	0	0	0	0	0	0	0	0	11.645
<b>Heildartekjur</b>	1.009	1.623	6.397	4.586	1.187	642	1.401	16.846	25.554
<b>Gjöld</b>									
Umsýslubókun rekstrarfélags	16.311	30.868	22.048	5.093	14.036	3.673	3.271	95.300	92.665
Vörslubókun	360	684	816	192	389	81	78	2.599	2.241
Aðrar bóknar	657	2.268	2.127	3.933	3.340	630	615	13.569	9.195
Vextir og gengismunur	0	0	16	15	0	0	0	32	1.481
Önnur gjöld og kostnaður	12	12	12	12	12	12	12	81	88
<b>Heildargjöld</b>	17.339	33.831	25.019	9.244	17.777	4.395	3.976	111.581	105.670
<b>Innleystur hagnaður af fjárfestingum</b>	50.019	129.889	4.198	13.224	107.844	22.504	8.943	336.621	442.623
<b>Óinnleystur hagnaður (tap) af fjárfestingum</b>	36.147	( 2.382 )	( 21.752 )	( 48.067 )	( 29.089 )	( 8.369 )	( 11.659 )	( 68.433 )	316.878
<b>Hagnaður (tap) ársins af rekstri</b>	69.836	95.299	( 36.175 )	( 39.501 )	62.165	27.120	( 5.290 )	173.454	679.385
<b>Yfirlit um breytingu á hreinni eign</b>									
Hrein eign í ársbyrjun	1.630.354	3.054.736	1.668.167	361.898	1.268.868	715.993	648.218	9.348.234	9.233.310
<b>Fjármögnunarbreytingar</b>									
Seld hlutdeildarskírteini	201.222	173.502	66.979	336.264	1.351.298	46.692	103.862	2.279.818	1.216.109
Innleyst hlutdeildarskírteini	( 198.816 )	( 185.023 )	( 429.146 )	( 192.764 )	( 774.594 )	( 66.613 )	( 119.938 )	( 1.966.894 )	( 1.780.570 )
Hækkun (lækkun) á fjármögnunarbreytingum	2.406	( 11.521 )	( 362.167 )	143.499	576.704	( 19.922 )	( 16.076 )	312.924	( 564.461 )
<b>Hrein eign í árslok</b>	8	3.138.515	1.269.825	465.896	1.907.737	723.191	626.852	9.834.611	9.348.234

# Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Skýr.	ÍV Ritisskuldabréfasjóður	ÍV Áskriftarsj. ríkisverðbréfa	ÍV Alþjóðlegur hlutabréfasj.	ÍV Erlent hlutabréfasjfn	ÍV Sparisafn	ÍV Eignasafn I	ÍV Eignasafn II	Samtals 31.12.2018	Samtals 31.12.2017
<b>Eignir</b>									
<b>Fjárfestingar</b>									
Franseljanleg verðbréf	1.656.328	3.136.175	0	455.261	1.813.318	327.045	279.475	7.667.602	6.743.152
Peningamarkaðsgæmingar	0	0	0	0	0	19.968	0	19.968	158.380
Hlutdeildarskírteini	0	0	1.245.712	0	0	360.259	342.637	1.948.808	2.295.456
Fjárfestingar samtals	1.656.328	3.136.175	1.245.712	455.261	1.813.318	707.273	622.312	9.636.378	9.196.989
<b>Aðrar eignir</b>									
Reiðufé	52.843	9.200	28.017	12.032	97.229	18.121	5.164	222.605	166.538
Aðrar eignir samtals	52.843	9.200	28.017	12.032	97.229	18.121	5.164	222.605	166.538
<b>Eignir samtals</b>	1.709.171	3.145.374	1.273.729	467.293	1.910.546	725.395	627.476	9.858.983	9.363.526
<b>Skuldir</b>									
Skuld við rekstrarfélag	1.441	2.648	1.740	630	1.180	307	269	8.215	8.070
Skuld við vörslufyrirtæki	43	62	67	26	44	8	8	258	174
Aðrar skuldir	5.092	4.149	2.097	741	1.585	1.887	348	15.898	7.049
<b>Skuldir samtals</b>	6.575	6.860	3.904	1.397	2.809	2.203	624	24.372	15.292
<b>8 Hrein eign</b>									
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina	1.702.596	3.138.515	1.269.825	465.896	1.907.737	723.191	626.852		
Gengi hlutdeildarskírteina í árslok	409.653	7.743	3.978	1.696	130.620	49.391	38.400		
	4,16	405,35	319,21	274,64	14,61	14,64	16,32		

# Yfirlit fjárfestinga árið 2018

## ÍV Ríkisskuldabréfasjóður

### Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði

Skuldabréf	31.12.2018		31.12.2017	
	Markaðs- verð	%	Markaðs- verð	%
<b>Ríkistryggð verðbréf</b>				
Íbúðabréf HFF 150644 .....	426.358	24,9%	424.307	26,0%
Íbúðabréf HFF 150434 .....	342.619	20,0%	416.985	25,5%
Ríkisbréf RIKS 30 0701 .....	336.852	19,7%	146.664	9,0%
Ríkisbréf RIKS 21 0414 .....	244.452	14,3%	2.379	0,1%
Ríkisbréf RIKB 25 0612 .....	123.907	7,2%	141.987	8,7%
Ríkisbréf RIKS 26 0216 .....	105.617	6,2%	0	0,0%
Ríkisbréf RIKB 31 0124 .....	69.177	4,0%	252.733	15,5%
Ríkisbréf RIKB 22 1026 .....	4.214	0,2%	43.934	2,7%
Húsbréf IBH 41 0315 .....	1.937	0,1%	1.339	0,1%
Ríkisbréf RIKB 20 0205 .....	932	0,1%	8.002	0,5%
Húsbréf IBH 26 0315 .....	150	0,0%	189	0,0%
Húsbréf IBH 37 1215 .....	114	0,0%	138	0,0%
Ríkisbréf RIKB 28 1115 .....	0	0,0%	166.470	10,2%
Ríkistryggð verðbréf samtals .....	1.656.328	96,9%	1.605.129	98,3%
Framseljanleg skuldabréf / skráð verðbréf samtals .....	1.656.328	96,9%	1.605.129	98,3%
Reiðufé .....	52.843	3,1%	28.266	1,7%
Heildareignir .....	1.709.171	100,0%	1.633.394	100,0%

### Sundurliðun á breytingu stærstu eigna á milli ára og hlutfall af heildareignum sjóða

	Hlutf. af		Hlutf. af		Hlutfall br. af heildar- eign	
	Eignir 31.12.2018	fjárhæð %	Eignir 31.12.2017	fjárhæð %	Breyting	%
Íbúðabréf HFF 150644 .....	426.358	24,9%	424.307	26,0%	2.051	0,1%
Íbúðabréf HFF 150434 .....	342.619	20,0%	416.985	25,5%	( 74.367 )	( 4,4%)
Ríkisbréf RIKS 30 0701 .....	336.852	19,7%	146.664	9,0%	190.187	11,1%
Ríkisbréf RIKS 21 0414 .....	244.452	14,3%	2.379	0,1%	242.073	14,2%
Ríkisbréf RIKB 25 0612 .....	123.907	7,2%	141.987	8,7%	( 18.080 )	( 1,1%)
Ríkisbréf RIKS 26 0216 .....	105.617	6,2%	0	0,0%	105.617	6,2%
Ríkisbréf RIKB 31 0124 .....	69.177	4,0%	252.733	15,5%	( 183.557 )	( 10,7%)
Ríkisbréf RIKB 22 1026 .....	4.214	0,2%	43.934	2,7%	( 39.720 )	( 2,3%)
Húsbréf IBH 41 0315 .....	1.937	0,1%	1.339	0,1%	598	0,0%
Ríkisbréf RIKB 20 0205 .....	932	0,1%	8.002	0,5%	( 7.070 )	( 0,4%)
Tíu stærstu samtals .....	1.656.064	96,9%	1.438.331	88,1%	217.733	12,7%
Aðrar fjárfestingar .....	264	0,0%	166.797	10,2%	( 166.533 )	( 9,7%)
Reiðufé .....	52.843	3,1%	28.266	1,7%	24.577	1,4%
	1.709.171	100,0%	1.633.394	100,0%	75.776	4,4%

## Yfirlit fjárfestinga árið 2018 frh.

### ÍV Ríkisskuldabréfasjóður frh.

#### Uppsöfnuð heildar kaup og uppsafnaðar heildarsölur

Yfirlit yfir uppsöfnuð heildar kaup og heildarsölur á öllum framseljanlegum verðbréfum og fjárfestingum sjóðsins á árinu 2018.

	Heildar- kaup	Heildar- sala
HFF150434 .....	172	74.629
HFF150644 .....	81.470	95.345
IBH 41 0315 .....	924	0
RIKB 19 0226 .....	149.568	150.324
RIKB 20 0205 .....	10.445	17.276
RIKB 22 1026 .....	61.617	97.281
RIKB 25 0612 .....	34.397	45.579
RIKB 28 1115 .....	0	160.873
RIKB 31 0124 .....	0	162.722
RIKS 21 0414 .....	292.965	53.428
RIKS 26 0216 .....	104.088	0
RIKS 30 0701 .....	172.896	2.646
	908.541	860.103

#### Flokkun fjárfestinga eftir líftíma

	31.12.2018		31.12.2017	
	Markaðs- verð	%	Markaðs- verð	%
Líftími 1 - 2 ár .....	932	0,1%	8.002	0,5%
Líftími 2 - 3 ár .....	244.452	14,3%	0	0,0%
Líftími 3 - 4 ár .....	4.364	0,3%	2.568	0,2%
Líftími 4 - 5 ár .....	0	0,0%	43.934	2,7%
Líftími 5 - 6 ár .....	123.907	7,2%	141.987	8,7%
Líftími 6 - 7 ár .....	105.617	6,2%	0	0,0%
Líftími 7 - 8 ár .....	342.619	20,0%	416.985	25,5%
Líftími 8 - 9 ár .....	69.291	4,1%	419.342	25,7%
Líftími 9 - 10 ár .....	338.788	19,8%	1.339	0,1%
Líftími 10 - 11 ár .....	0	0,0%	146.664	9,0%
Líftími 12 - 13 ár .....	426.358	24,9%	424.307	26,0%
	1.656.328	96,9%	1.605.129	98,3%

Sjóðurinn fjárfestir í íslenskum markaðsverðbréfum með ríkisábyrgð. Meðallíftími eignasafns sjóðsins var 7,91 ár í árslok 2018.

## Yfirlit fjárfestinga árið 2018 frh.

### ÍV Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa

#### Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði

Skuldabréf	31.12.2018		31.12.2017	
	Markaðs- verð	%	Markaðs- verð	%
<b>Ríkisbréf</b>				
Ríkisbréf RIKS 21 0414 .....	824.706	26,2%	34.792	1,1%
Ríkisbréf RIKB 22 1026 .....	560.506	17,8%	544.389	17,8%
Ríkisbréf RIKB 25 0612 .....	341.666	10,9%	414.286	13,5%
Ríkisbréf RIKS 26 0216 .....	105.617	3,4%	0	0,0%
Ríkisbréf RIKB 31 0124 .....	102.727	3,3%	373.083	12,2%
Ríkisbréf RIKB 20 0205 .....	70.509	2,2%	371.212	12,1%
Ríkisbréf RIKB 28 1115 .....	0	0,0%	196.737	6,4%
Ríkisbréf samtals .....	2.005.731	63,8%	1.934.499	63,2%
<b>Íbúðarbréf, húsbref</b>				
Íbúðarbréf HFF 150434 .....	766.540	24,4%	765.502	25,0%
Íbúðarbréf HFF 150644 .....	355.564	11,3%	341.286	11,2%
Íbúðarbréf HFF 150224 .....	6.521	0,2%	7.215	0,2%
Húsbréf IBH 41 0315 .....	1.808	0,1%	2.048	0,1%
Húsbréf IBH 26 0315 .....	10	0,0%	0	0,0%
Íbúðarbréf samtals .....	1.130.443	35,9%	1.116.051	36,5%
Framseljanleg skuldabréf / skráð verðbréf samtals .....	3.136.175	99,7%	3.050.550	99,7%
Reiðufé .....	9.200	0,3%	10.136	0,3%
Heildareignir .....	3.145.374	100,0%	3.060.687	100,0%

#### Sundurliðun á breytingu stærstu eigna á milli ára og hlutfall af heildareignum sjóða

	Eignir		Eignir		Hlutfall br. af heildar- eign	
	31.12.2018	Hlutf. af fjárhæð %	31.12.2017	Hlutf. af fjárhæð %	Breyting	%
Ríkisbréf RIKS 21 0414 .....	824.706	26,2%	34.792	1,1%	789.914	25,1%
Íbúðarbréf HFF 150434 .....	766.540	24,4%	765.502	25,0%	1.038	0,0%
Ríkisbréf RIKB 22 1026 .....	560.506	17,8%	544.389	17,8%	16.117	0,5%
Íbúðarbréf HFF 150644 .....	355.564	11,3%	341.286	11,2%	14.278	0,5%
Ríkisbréf RIKB 25 0612 .....	341.666	10,9%	414.286	13,5%	( 72.620 )	( 2,3%)
Ríkisbréf RIKS 26 0216 .....	105.617	3,4%	0	0,0%	105.617	3,4%
Ríkisbréf RIKB 31 0124 .....	102.727	3,3%	373.083	12,2%	( 270.355 )	( 8,6%)
Ríkisbréf RIKB 20 0205 .....	70.509	2,2%	371.212	12,1%	( 300.703 )	( 9,6%)
Íbúðarbréf HFF 150224 .....	6.521	0,2%	7.215	0,2%	( 694 )	( 0,0%)
Húsbréf IBH 41 0315 .....	1.808	0,1%	2.048	0,1%	( 239 )	( 0,0%)
Tíu stærstu samtals .....	3.136.165	99,7%	2.853.813	93,2%	282.352	9,0%
Aðrar fjárfestingar .....	10	0,0%	196.737	6,4%	( 196.727 )	( 6,3%)
Reiðufé .....	9.200	0,3%	10.136	0,3%	( 937 )	( 0,0%)
	3.145.374	100,0%	3.060.687	100,0%	84.688	2,7%

## Yfirlit fjárfestinga árið 2018 frh.

### ÍV Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa frh.

#### Uppsöfnuð heildarkaup og uppsafnaðar heildarsölur

Yfirlit yfir uppsöfnuð heildarkaup og heildarsölur á öllum framseljanlegum verðbréfum og fjárfestingum sjóðsins á árinu 2018.

	Heildar- kaup	Heildar- sala
IBH 26 0315 .....	11	0
IBH 41 0315 .....	135	0
RIKB 19 0226 .....	96.552	96.712
RIKB 20 0205 .....	199.780	482.808
RIKB 22 1026 .....	429.030	384.536
RIKB 25 0612 .....	64.018	114.497
RIKB 28 1115 .....	0	190.842
RIKB 31 0124 .....	0	239.782
RIKS 21 0414 .....	1.236.067	457.984
RIKS 26 0216 .....	104.109	0
	2.129.702	1.967.160

#### Flokkun fjárfestinga eftir líftíma

	31.12.2018		31.12.2017	
	Markaðs- verð	%	Markaðs- verð	%
Líftími 1 - 2 ár .....	70.509	2,2%	371.212	12,1%
Líftími 2 - 3 ár .....	831.227	26,4%	0	0,0%
Líftími 3 - 4 ár .....	560.516	17,8%	42.007	1,4%
Líftími 4 - 5 ár .....	0	0,0%	544.389	17,8%
Líftími 5 - 6 ár .....	341.666	10,9%	414.286	13,5%
Líftími 6 - 7 ár .....	105.617	3,4%	0	0,0%
Líftími 7 - 8 ár .....	766.540	24,4%	765.502	25,0%
Líftími 8 - 9 ár .....	102.727	3,3%	569.820	18,6%
